



Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 29. febrúar 2024 var lögð fram fyrirspurn Rínu Írisar Gizurarson, dags. 19. febrúar 2024, um fjölgun bílastæða á lóð nr. 2 við Hlyngerði um eitt. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnastjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 07.mars. 2024



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Deiliskipulag af Hlyngerði 2



Götumynd, ja.is Hlyngerði 2

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda 18. janúar 2022. Samkvæmt aðalskipulagi er Hlyngerði skilgreint í íbúðarbyggð, (ÍB33).

Deiliskipulag: Í gildi er deiliskipulag, Espigerði sem samþykkt var í borgarráði 1971.

Umsögn

Í fyrirspurninni óska umsækjendur eftir því að fjölga bílastæðum framan við íbúðarhús að Hlyngerði 2. Húsið að Hlyngerði er steipt einbýlishús byggt árið 1973. Samkvæmt deiliskipulagi/skilmálum og mæliblaði fyrir Hlyngerði 2 er heimilt að hafa 2 stæði innan lóðar.

Fyrirspurnin samræmist ekki gildandi deiliskipulagi. Almennt er ekki tekið jákvætt í ný bílastæði á lóð í gróinni byggð þar sem reynt er eftir fremsta megni að koma í veg fyrir að keyrt sé yfir gangstétt.

Niðurstaða

- Neikvætt er tekið í erindið samanber umsögn hér að ofan.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Laufey B. Sigurðardóttir, arkitekt / verkefnastjóri